

**Alþingi***Erindi nr. P 133 /161**komudagur 20.11.2006*

Alþingi

Nefndasvið
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 17.11.2006

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um tekjuskatt, 22. mál, vaxtabætur.

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um tekjuskatt, 22. mál, vaxtabætur

Tilurð þessa máls er sú að í tengslum við endurskoðun kjarasamninga í sumar óskuðu fulltrúar ASÍ eftir því við ríkisstjórnina að vaxtabætur ársins (álagning 2006 vegna tekjuársins 2005) yrðu endurskoðaðar. Ástæðan var sú að ASÍ taldi það óásættanlegt að hækkun fasteignamats milli árána 2004 og 2005 myndi leiða til þess að vaxtabætur margra skertust verulega eða hyrfu með öllu. Vegna mikilla eigna og tekjutenginga bitnar þessi skerðing fyrst og fremst á lág- og millitekjufólki og þá sérstaklega ungu fólki með erfiða framfærslubyrði.

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 22.06.2006 sagði m.a: „*Ríkisstjórnin íysir sig reiðubúna til að endurskoða ákvæði laga um vaxtabætur ef í ljós kemur við niðurstöðu álagningar í ágúst nk. að hækkun fasteignaverðs á árinu 2005 hefur leitt til marktækrar skerðingar á vaxtabótum.*”

Það var og er skilningur fulltrúa ASÍ á yfirlýsingunni að á grundvelli hennar eigi að finna leið til að gera þá sem verða fyrir marktækri skerðingu nokkurn vegin jafn setta og ef ekki hefði komið til þessi mikla hækkun fasteignamats.

Í viðræðum aðila í sumar nefndu ráðherrar þá hugmynd að hækka eignastuðla um 25% og málið væri þannig úr sögunni. Á það féllust fulltrúar ASÍ ekki og bentu á að málið þarfnaðist frekari skoðunar. Hækkun á eignastuðlum um 25% dugir ekki. Aðilar urðu því ásáttir um að nýta tímann til hausts til að skoða málið og að samráð yrði haft við ASÍ. Því miður hefur ekkert orðið af slíku samráði.

En hvers vegna dugir ekki að hækka eignastuðlana um 25%? Hafa verður í huga að áhrif eignaskerðinga vaxtabóta eru mikil. Hjá hjónum byrjar skerðingin þegar nettó eign er einungis 6,2 mkr. og vaxtabætur

hverfa með öllu þegar nettó eignin nær 9,9 mkr. Til að átta sig á áhrifunum er hér sett fram einfalt dæmi:

Dæmi 1. Hjón	Álagning 05	Álagning 06	Hækkun
Eign	25.000.000	32.250.000	29,00%
Skuld	19.000.000	19.760.000	4,00%
Hrein eign	6.000.000	12.490.000	108,17%
Eignasekrðing byrjar	6.169.097	6.169.097	0,00%
Eignaskerðing endar	9.870.555	9.870.555	0,00%
Hækkun eignastuðla um 25%			
Eignasekrðing byrjar		7.711.371	25,00%
Eignaskerðing endar		12.338.194	25,00%

Hjón sem áttu 25 mkr. eign við álagningu skatta 2005 og skulduðu 19 mkr. áttu því 6 mkr. hreina eign. Eignaskerðing vaxtabóta byrjaði við 6,2 mkr. árið 2005, þannig að eignin skerti vaxtabæturnar ekkert. Fasteignamat hjá þessum hjónum hækkaði um 29% milli ára. Eignin var því metin á 32,3 mkr. við álagningu 2006. Skuldinar höfðu fylgt verðbólgu og hækkað um 4% og voru orðnar 19,8 mkr. Hreina eignin var því komin í 12,5 mkr. og hafði hækkað um 108%. Eignaskerðingin var því það mikil að hjónin fengu engar vaxtabætur. Hækkun eignastuðla um 25% myndu hækka efri skerðingarmörkin (þ.e. þau mörk þar sem hreina eignin hefur skert vaxtabæturnar að fullu) í 12,4 mkr. Hjónin í þessu dæmi eru því alveg án vaxtabóta jafnvel þó að skerðingarmörkin hækki um 25%.

Til að átta sig á hvernig vaxtabætur eru að þróast hjá fjölmörgu lág- og millitekjufólki eru hér sett fram tvö raunhæf dæmi um breytingu vaxtabóta milli tekjuáranna 2004 og 2005. Tvær breytingar hafa mest áhrif á reiknaðar vaxtabætur við álagningu 2006 vegna tekna 2005:

- Fasteignamat: Fasteignamat hækkaði um tæp 29% árið 2005.
- Vaxtabótakerfi: Vaxtabætur voru miðaðar við 5% skulda í stað 5,5%; og viðmiðunarupphæðir stóðu í stað (þ.e. þær hækkuðu ekki í takt við verðbólgu /fasteignaverð og rýrnuðu þannig að raungildi).

Dæmi 1: Hjón

Forsendur við kaup (desember 2003)

Hjúskaparstaða:	Hjón
Tekjur:	440.000
Húsnæðisverð:	23 milljónir
Eigið fé:	10% = 2,3 milljónir
Lánsupphæð:	90% = 20,7 milljónir
Meðalvextir:	5,28%
Lánstími:	25 ár
Verðbólga 2005:	4,14%

Vaxtabætur við álagningu (ágúst 2006)

2

	Hækkun fasteignamats 2005	Eignastuðlar í millj. kr. (mín/max)	Hækkun eignastuðla	Reiknaðar vaxtabætur 2006
Eðlileg hækkun fasteigna:	4,14%	6,2/9,9	0%	236.000
Raunverul. hækkun fasteigna:	29,0%	6,2/9,9	0%	0
Með viðbrögðum stjórnvalda:	29,0%	7,7/12,3	25%	0
Hvað hefði þurft:	29,0%	11,3/18	83%	236.000

Dæmi 2: Einhleypingar

Forsendur við kaup (desember 2003)


Hjúskaparstaða: Einhleypingar
 Tekjur: 220.000
 Húsnæðisverð: 15 milljónir
 Eigið fé: 10% = 1,5 milljónir
 Lásupphæð: 90% = 13,5 milljónir
 Meðalvextir: 5,28%
 Lánstími: 25 ár
 Verðbólga 2005: 4,14%
 Vaxtabætur við álagningu (ágúst 2006)

	Hækkun fasteignamats 2005	Eignastuðlar í millj. kr. (mín/max)	Hækkun eignastuðla	Reiknaðar vaxtabætur 2006
Eðlileg hækkun fasteigna:	4,14%	3,7/6,0	0%	105.000
Raunverul. hækkun fasteigna:	29,0%	3,7/6,0	0%	0
Með viðbrögðum stjórnvalda:	29,0%	4,7/7,4	25%	0
Hvað hefði þurft:	29,0%	6,8/10,9	83%	105.000

Í báðum þessum dæmum þyrftu eignastuðlar að hækka um 83% milli ára til þess að viðkomandi einstaklingar væru jafnsettir og fyrir hækkun fasteignamats.

Í ljós þess sem að framan er rakið telur ASÍ að frumvarpið eins og það er fram sett sé með öllu óásættanlegt og ekki í samræmi við þær viðræður sem áttu sér stað milli ríkisstjórnar og ASÍ í aðdraganda yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar.

F.h. Alþýðusambands Íslands



Ólafur Darri Andrason
 Hagfræðingur ASÍ